Makríllinn og smábátarnir

Eftir Örn Pálsson



Örn Pálsson

Alþingi Íslendinga hefur nú til meðferðar frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórn veiða á NA-Atlantshafsmakríl. Lokið er fyrstu umræðu um málið og hefur því verið vísað til atvinnuveganefndar. Nefndin hefur óskað eftir umsögnum og athugasemdum frá 128 aðilum við frumvarpið og er frestur gefinn til loka þessa mánaðar.

Úr 6,7 tonnum í 7.466 tonn

2009 hófst makrílveiði smábáta þegar makríllinn kom upp að ströndinni. Tveir bátar með búnað sem smíðaður var eftir forskrift frá Noregi. Aflinn varð hins vegar aðeins 6,7 tonn en dýrmæt reynsla varð til. Aftur var reynt á vertíðinni 2010, 11 bátar veiddu 180 tonn. Á þriðja ári makrílveiða smábáta fóru 20 bátar til veiða. Árangurinn olli vonbrigðum, aðeins 304 tonn veiddust. Slök veiði og erfiðleikar við afsetningu drógu úr áhuga. Aðeins 17 smábátar á makríl 2012, veiðin gekk hins vegar afbragðs vel, endaði í 1.099 tonnum. Sá árangur varð til að kveikja í trillukörlum og þá ekki síst að sá sem mest fiskaði náði 243 tonnum þar sem aflaverðmætið losaði 30 milljónir. Tónninn var gefinn fyrir því sem koma skyldi. Í tugavís útbjuggu smábátaeigendur báta sína til makrílveiða. Nálægt eitthundrað fóru til veiða og uppskáru 4.678 tonn. Þrátt fyrir verðlækkun var ágæt afkoma af veiðunum.

Í fyrra bættust enn við bátar til makrílveiða. Alls var 121 bátur skráður með afla sem endaði í 7.466 tonnum. Smábátar voru þar með komnir í 4,9% af heildarveiðinni.

Lok vertíðarinnar ollu vonbrigðum þar sem sjávarútvegsráherra ákvað að stöðva veiðarnar 5. september. Veiði var þá gríðargóð og bátar farnir að reyna fyrir sér á fleiri veiðisvæðum en í Húnaflóa, við Snæfellsnes og í Keflavík. Þannig var bátur frá Vopnafirði á leið á miðin. Ákveðið var að renna í Bakkaflóanum, mokveiði.

Gríðarmikil stemning

Alls staðar þar sem gerðir eru út makrílbátar til færaveiða ríkir vertíðarstemning. Það lifnar yfir plássunum, löndunarbið, aflinn færður að landi ísaður og hálfspriklandi. Getur ekki verið ferskari. Þaðan er hann fluttur til vinnslu. Bátarnir eru þjónustaðir og halda svo aftur á miðin.

Ský dregið fyrir makrílsólina

Með frumvarpi sjávarútvegsráðherra dregur ský fyrir makrílsólina. Makrílveiðar smábáta eru í uppnámi. Allri þeirri atvinnu sem fylgt hefur útgerð þeirra frá hinum dreifðu byggðum, kærkominni sumarvinnu fyrir skólafólk er ógnað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framþróun makrílveiða smábáta verði ekki liðin, þeir verði stöðvaðir með kvótasetningu. Alls 164 bátar sem skráðir eru með afla skipti á milli sín 5% af heildarafla makrílsins.

Skiptingin gerir það að verkun að þokkalegur rekstrargrundvöllur verður fyrir 20 báta sem fá í sinn hlut tæpan helming veiðiheimildanna. Þeirra 144 báta sem hafa ekki eins góða viðmiðun til kvóta bíður tvennt. Setja sig í skuldir, bankarnir bíða líklega með opinn peningafaðminn til að lána til kvótakaupa. Hinna bíður fátt annað en að hætta veiðum. Möguleikar þeirra til að efla sína útgerð með makrílveiðum heyra þar með sögunni til.

Settur umboðsmaður stígur fram

Landssamband smábátaeigenda hefur fylgst náið með uppbyggingu makrílveiða smábáta. Félagið fagnaði þessum kærkomna gesti ekki síst þar sem koma hans var staðfesting á að miðin okkar byggju yfir nægri fæðu. Grunnslóðin þar sem smábátar halda sig hafði allt í einu upp á fleira að bjóða en þorsk, ýsu, steinbít, ufsa og grásleppu. Veiðar þeirra trufluðu á engan hátt veiðar stærri skipa og var það því ekki ástæða til hindrunar eins og í síldinni í Breiðafirði. Finna þyrfti eitthvað annað. Umskipti sjávarútvegsráðherra, að stjórna makrílveiðum smábáta með öðrum hætti en veiðum stærri skipa, voru réttlætt með áliti setts umboðsmanns Alþingis. Auðvitað eru þetta engin rök fyrir inngripi í veiðar á svæðum þar sem makríllinn er nýbyrjaður að nema.

Til að láta kné fylgja kviði er sett á aukagjald við veiðarnar. Þeim útgerðum sem lítið fá úthlutað er því bent á það með skýrum hætti að þeirra sé ekki vænst lengur við nýtingu makrílsins.

> Makrílveiðar smábáta eru í uppnámi. Landssamband smábátaeigenda mun berjast af fullu afli gegn frumvarpinu og leita allra leiða til að stöðva það.

LS mun berjast gegn óréttlæti

Landssamband smábátaeigenda mun berjast af fullu afli gegn frumvarpinu og leita allra leiða til að stöðva það. Koma í veg fyrir inngrip í veiðar þeirra. Makríllinn veiddur með umhverfisvænum hætti þar sem hver og einn fiskur er blóðgaður um leið og hann slitnar af önglinum og hann rennur niður í kar til kælingar. Hágæðavara sem öll fer til manneldis.

LS leggur áherslu á að hlutdeild smábáta í makrílveiðum verði 18%, það er svipað og í Noregi þar sem veiðum smábáta hefur verið leyft að þróast í mörg ár. Með veiðum smábáta næst meira út úr gestinum til hagsældar fyrir land og þjóð. Arðurinn af veiðunum dreifist til fjölda smærri fyrirtækja, hundraða sjómanna, landverkafólks og þjónustuaðila. Allt sem veitt er fer til manneldis. Engin mismunur á því sem veitt er og því sem landað er. Veiðarnar stundaðar á veiðisvæði við strendur landsins þar sem notkun stórvirkra togveiðafæra eru bönnuð.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.